

Góðan daginn,
eftirfarandi bókun var samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs fyrr í dag:

202202101 - Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 812003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur til umsagnar frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur heilshugar undir markmið tillögunnar um að óslitið fjarskiptasamband á þjóðvegum landsins. Reynslan sýnir að þar er víða pottur brotinn og eftir því sem búnaður fjarskipta fyrirtækja eldist fer staðan versnandi. Ráðið vill einnig benda á að ekki er síður brýnt að tryggja fullnægjandi farsímasamband í heimahúsum og á vinnustöðum í dreifbýli. Þar vantar oft mikið upp á jafnvel þó ásættanlegt samband sé á þjóðveginum við hús.

Samþykkt samhjóða með handauppréttingu.

Er bókun ráðsins hér með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

[Skilmálar varðandi tölvupósti](#)